



RioTinto

Þannig
vinnum við



Efnisyfirlit

3	Kynning
5	Gildin okkar
6	Öryggi
7	Samvinna
8	Virðing
9	Heilindi
10	Framsækni
13	Siðareglur okkar
14	Öryggi og heilsa
15	Atvinna og þátttaka
16	Mannréttindi
17	Persónuvernd
18	Hagsmunaárekstrar
19	Sanngjarnir viðskiptahættir
20	Mútur og spilling
21	Trúnaðarupplýsingar og innherjaviðskipti
22	Samfélög
23	Stjórnvöld, alþjóðlegar stofnanir og borgaralegt samfélag
24	Gagnsæ samskipti
25	Umhverfi
26	Hugverkaréttur
27	Eigur og skjöl fyrirtækis
29	Rétt ákvörðunartaka



Kynning

Í *Þannig vinnum við* er farið yfir hvernig við framfylgjum markmiðum okkar og stefnu. Þar er útskýrt hvernig við eigum að hegða okkur, í samræmi við gildin okkar fimm, öryggi, samvinnu, virðingu, heilindi og framsækni.

Sem brautryðjendur í námu- og málmvinnslu framleiðum við afurðir sem eru nauðsynlegar framþróun mannsins. Þetta höfum við gert í rúmlega 140 ár. Á hverjum degi, hvar sem við störfum í heiminum, eru starfshættir okkar jafn mikilvægir og afrakstur starfs okkar.

Í *Þannig vinnum við* er farið yfir hvernig við framfylgjum markmiðum okkar og stefnu. Þar er útskýrt hvernig við eigum að hegða okkur, í samræmi við gildin okkar fimm, öryggi, samvinnu, virðingu, heilindi og framsækni.

Árangur okkar ræðst af því trausti sem við berum til hvors annars og í garð samstarfsaðila okkar, í þeim samfélögum sem við störfum í, hjá stjórnvöldum, viðskiptafélögum, birgjum, viðskiptavinum og fjárfestum. Við byggjum á þessu trausti og aðgreinum okkur frá öðrum með daglegri hegðun okkar. *Þannig vinnum við* lætur í té greinargóðan ramma fyrir það hvernig við ættum að stunda viðskipti, sama hvar við störfum eða hvaðan við erum. Látinn er í té greinargóður rammi sem við ættum að bera ábyrgð á og láta aðra taka ábyrgð á sem hjálpar okkur síðan að taka réttu ákvarðanirnar.

Þannig vinnum við á við okkur öll sem starfsmenn sem og ráðgjafa, fulltrúa, verktaka og birgja. Við viljum einnig tryggja að þessar reglur séu virtar af þeim fyrirtækjum sem við eigum hlutdeild í og annars konar aðild að án þess að þau lúti beinni stjórn okkar.

Mikilvægt er að við tryggjum öll að *Þannig vinnum við*, gildin okkar og siðareglur, stýri hegðun okkar á hverjum degi. Við getum verið stolt af því að vera hluti af einhverju stærra og hluti af fyrirtæki sem bregst rétt við. Rio Tinto er í fararbroddi framþróunar á hverjum degi. Saman höfum við öll áhrif í samfélögum okkar og á heimsvísu.

Hafið það gott,



J-S Jacques
forstjóri



Gildin okkar

Öryggi

Samvinna

Virðing

Heilindi

Framsækni



Öryggi –

Okkur er annt um mannlíf og vellíðan meira en nokkuð annað.

Hjá Rio Tinto þýðir þetta eftirfarandi:

Öryggi og vellíðan starfsmanna okkar, verktaka og samfélagsins er í forgangi hjá okkur.

Alltaf. Með því að vernda umhverfi okkar tryggjum við framtíð næstu kynslóða.

Þetta sýnum við í verki með því að:

- Hefja hvern dag og hvert verk með öryggi í huga.
- Stöðva vinnu ef verkið er ekki öruggt.
- Huga að samstarfsfólki okkar.




Samvinna – Við náum árangri saman

Hjá Rio Tinto þýðir þetta eftirfarandi:

Við vinnum með hagsmunaðilum og því samfélagi sem við tilheyrum til að uppfylla þarfir viðskiptavina okkar. Við lærum hvert af öðru til að bæta frammistöðu okkar og ná árangri.

Við bregðumst við:

- Leitum eftir og veitum endurgjöf og deilum þekkingu.
- Gerum eins vel og við getum og treystum öðrum til að gera slíkt hið sama.
- Komum auga á sameiginleg markmið og vinnum að þeim.



Virðing –

Við fögnum og hlúum að fjölbreytileika

Hjá Rio Tinto þýðir þetta eftirfarandi:

Við viðurkennum og virðum mismunandi menningarheima, samfélög og skoðanir. Við komum fram hvert við annað af sanngirni og virðingu til að nýta framlag allra sem best.

Við bregðumst við:

- Leitum ávallt eftir mismunandi sjónarmiðum.
- Hlustum af virðingu og metum framlag annarra.
- Erum meðvituð um okkar eigin fordóma og erum tilbúin að takast á við þá.



Heilindi –

Að hafa hugrekki og áráðni til
að bregðast rétt við

Hjá Rio Tinto þýðir þetta eftirfarandi:

Við höfum hugrekki og áráðni til að gera það sem rétt er en ekki það sem er einfaldast. Við leggjum áherslu á siðareglur, gagnsæi og uppbyggingu gagnkvæms traust í garð hvers annars og allra sem við vinnum með.

Við bregðumst við:

- Erum heiðarleg og gagnsæ á öllum stundum.
- Látum í okkur heyra og streitumst á móti þegar aðstæður krefjast þess.
- Tökum ábyrgð á ákvörðunum okkar og gjörðum.



Framsækni –

Að vera besta útgáfa af okkur
til að skila afburðar framsækni


Hjá Rio Tinto þýðir þetta eftirfarandi:

Við skorum okkur sjálf á hólmi og aðra til að skapa varanleg gildi og til að ná góðri frammistöðu. Við tileinkum okkur hugsunarhátt brautryðjenda og höfum það að markmiði að bæta okkur á hverjum degi.

Við bregðumst við:

- Bregðumst við því sem viðskiptavinir og félagar gera ráð fyrir og þurfa frá okkur.
- Setjum okkur háar væntingar og uppfylfum þau reglulega og förum fram úr þeim.
- Erum skapandi og leitum sífellt leiða til að bæta vinnu okkar.







Siðareglur okkar

Það skiptir ekki máli hvar við störfum eða hvaðan við erum, við höfum skýran ramma, sem hjálpar okkur að taka réttar ákvarðanir, sem við erum öll ábyrg fyrir.



Öryggi og heilsa

- Öll berum við ábyrgð á að vinna af öryggi, fylgja stöðlum okkar og hugsa um heilsu og öryggi þeirra sem eru í kringum okkur.
- Við berum öll ábyrgð á að tryggja að við séum fær til starfa á hverjum degi. Þetta þýðir að vera ekki undir áhrifum áfengis, eða lyfja, erum vel hvíld og líkamlega og andlega fær til að sinna störfum okkar hjá Rio Tinto.
- Við gerum ráð fyrir að þeir sem við störfum með, þar á meðal ráðgjafar, fulltrúar, verktakar og birgjar, virði og fylgi heilbrigðis- og öryggiskröfum okkar.
- Okkur ber skylda að stöðva og tilkynna vinnu samstarfsmanns ef við teljum að viðkomandi stofni í hættu heilbrigði eða öryggi sínu eða annarra.

Við teljum að koma megi í veg fyrir öll banaslys, allt líkamstjón og starfstengd veikindi. Við höfum það að markmiði að allir komi heilir heim úr vinnu á hverjum degi.



Atvinna og þátttaka

- Við kunnum að meta fjölbreytileika og bjóðum alla starfsmenn okkar og félaga velkomna, án tillits til kynþáttar, kyns, þjóðernis, trúarbragða, aldurs eða kynferðis.
- Við teljum að koma eigi fram við alla af virðingu. Yfirgangur, ógnun eða hótun af hvers kyns tagi er ekki ásættanleg á okkar vinnustað.
- Við höfum skuldbundið okkur til að uppfylla landslög og alþjóðlega samninga. Við viðurkennum rétt fólks til að kjósa hvort það standi utan eða innan stéttarfélags og til að semja um kaup og kjör í sameiningu.
- Við störfum með yfirvöldum svo hægt sé að deila efnahagslegum ávinningi af starfsemi okkar með þeim samfélögum sem reksturinn á sér stað í. Þetta felur í sér að setja atvinnu og viðskipti við birgja í samfélaginu í forgang þegar mögulegt er.

Við teljum að allir starfsmenn eigi rétt á sanngjörnu vinnuumhverfi sem þeir eru stoltir af að vera hluti af.



Mannréttindi

- Við styðjum mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og virðum þann rétt hvar sem við störfum. Við höfum skuldbundið okkur til að starfa í samræmi við leiðbeinandi meginreglur SP varðandi rekstur og mannréttindi. Þetta þýðir að við þurfum að vita hvaða skaðlegu áhrif á mannréttindi við völdum, stuðlum að eða erum tengd við og að við höfum stjórn á þeim.
- Við gerum ráð fyrir að birgjar okkar fylgi sömu viðmiðum um mannréttindi og við gerum. Við höfnum allri barnavinnu eða barnaþrælkun, þar á meðal nauðungarvinnu. Við leggjum hart að okkur til að tryggja að þrælkunarvinna og vinna barna eigi sér ekki stað í rekstri okkar og að aðfangakeðja okkar uppfylli alþjóðlega staðla.
- Við störfum með öryggisfyrirtækjum í opinbera geiranum og einkageiranum til að hindra öryggisþætti sem draga úr mannréttindum. Við takmörkum notkun skotvopna, eins og mögulegt er, til að hámarka öryggi á starfsstöðvum okkar.

Við styðjum mannréttindi og skuldbindum okkur til að forðast brot á þeim.



Persónuvernd

- Við söfnum aðeins og meðhöndlum persónuupplýsingar starfsmanna okkar, hluthafa, viðskiptavina, birgja og tengdra fjölskyldna og skyldmenna í lögmætum viðskiptalegum tilgangi. Við virðum rétt allra til að skoða, uppfæra og leiðrétta upplýsingarnar okkar.
- Við deilum aðeins persónuupplýsingum með öðrum þegar lögmæt viðskiptaleg eða lagaleg þörf er á að viðkomandi fái vitneskju um þær. Við tryggjum að þeir sem móttaka persónuupplýsingar viðkomandi skilji mikilvægi þess að halda þeim leyndum.
- Þegar við störfum með öðrum aðilum sem gætu séð eða unnið úr upplýsingum okkar gerum við þeim ljóst hve miklu máli persónuvernd skiptir okkur og þau viðmið sem við gerum ráð fyrir að fylgt sé.

Við virðum friðhelgi annarra. Við fylgjum öllum lögum hvað varðar söfnun, notkun og verndun persónuupplýsinga í tengslum við rekstur okkar.



Hagsmunaárekstrar

- Við beitum heilbrigðri skynsemi til að forðast aðstæður þar sem gætu komið upp, eða jafnvel gætu virst vera, hagsmunaárekstrar.
- Við tilkynnum alla raunverulega og hugsanlega hagsmunaárekstra. Ef ekki er unnt að forðast hagsmunaárekstra stjórnnum við þeim á viðeigandi og gagnsæjan hátt og þiggjum ráðleggingar frá samstarfsaðilum.
- Við leyfum okkur ekki að nýta ósamþykktan, persónulegan ávinning í gegnum stöðu okkar eða hlutverk hjá Rio Tinto.

Hvert og eitt okkar þarf að gæta þess að eigin gjörðir, hagsmunir og sambönd stangist ekki á við skyldur hjá Rio Tinto.



Sanngjörn samkeppni

- Við trúum á frjálsa og sanngjarna samkeppni. Við stundum samkeppni á siðferðilegan hátt og virðum öll gildandi samkeppnislög og löggjöf gegn auðhringjum á heimsvísu.
- Við reynum ekki að fá upplýsingar um keppinauta okkar, birgja eða viðskiptavini á ólöglegan hátt né miðlum við fölskum upplýsingum um keppinauta okkar.
- Þegar við eigum samskipti við keppinauta eða hugsanlega keppinauta deilum við ekki trúnaðarupplýsingum sem kunna að hafa áhrif á hvernig við stundum samkeppni.

Við stundum samkeppni á siðferðilegan og lagalegan hátt í öllum rekstri okkar.



Mútur og spilling

- Við bjóðum ekki né greiðum mútur, sama hvar við stundum viðskipti, sama hverjar aðstæðurnar eru og sama hver á í hlut. Einnig heimilum við ekki fulltrúum okkar né milliliðum að gera slíkt. Mútur eiga sér stað þegar einhver er beittur fortölum með gjöfum, greiðslum eða öðrum persónulegum greiðum til að haga sér á óviðeigandi hátt, eða gera eitthvað sem viðkomandi ætti ekki að gera. Einnig á það við þegar einhver vill fá greiðslu, jafnvel smávægilega, til að gera það sem viðkomandi á að gera.
- Við samþykkjum aldrei eða þiggjum mútur. Við förum ekki fram á eða samþykkjum neinn fjárhagslegan greiða eða annan greiða frá öðrum fyrir að sinna starfi okkar. Við látum ekki beita okkur fortölum til að haga okkur á óviðeigandi hátt, til að brjóta gegn skyldum okkar í garð Rio Tinto eða fáum umbun fyrir að gera slíkt.

Við tökum ekki þátt í mútum eða spillingu af neinu tagi.



Trúnaðarupplýsingar og innherjaviðskipti

- Trúnaðarupplýsingar eru m.a. tæknilegar upplýsingar um vörur eða ferli, listar yfir söluaðila, áætlanir um verðlagningu, markaðssetningu eða þjónustu, óopinberar fjárhagsskýrslur og upplýsingar um sölu eigna, samruna og kaup á fyrirtækjum.
- Við gætum að því hvar og við hvern við ræðum trúnaðarupplýsingar, og hvar og hvernig við geymum þær.
- Við látum trúnaðarupplýsingar ekki í té né notfærum í eigin hagnaðar- eða ábataskyni.
- Við deilum ekki trúnaðarupplýsingum með neinum öðrum, þar á meðal fjölskyldu og vinum. Við brjótum aldrei af okkur með því að stunda innherjaviðskipti með hlutabréf Rio Tinto eða þriðja aðila.

Við verndum hluthafa okkar og okkur sjálf með því að stjórna okkar eigin trúnaðarupplýsingum, og trúnaðarupplýsingum þriðja aðila, á ábyrgan hátt. Við notfærum okkur þær aldrei í eigin ábataskyni.



Samfélög

- Samband okkar við nærsamfélagið er lykilhluti af verkefnum okkar og rekstri. Við viðurkennum og virðum menningu, lífshætti og arfleifð nágranna okkar.
- Við virðum þá sérstöku tengingu sem er á milli frumbyggja og annarra íbúa til notkunar á landi og vatni. Við leitumst eftir gagnkvæmt hagkvæmu samstarfi í samfélagi okkar í tengslum við starfsemi okkar.
- Starfsemi okkar er í samræmi við yfirlýsingu SP um réttindi innfæddra innan þeirra umdæma sem hafa skrifað undir yfirlýsinguna og á öðrum stöðum í samræmi við meginreglur yfirlýsingarinnar. Við leitum leiða til að fá frjálst, fyrirfram og upplýst samþykki frá samfélögum innfæddra eins og lýst er í 2012 International Finance Corporation Performance Standard 7 og í samræmi við lög.
- Við vinnum með samfélögum til að skilja áhrif athafna okkar, og með samfélögum og öðrum hagsmunaaðilum til að grípa til viðeigandi aðgerða á sviði sjálfbærrar þróunar sem endurspeglar forgangsatriði samfélags og áherslu á staðbundna og/eða svæðisbundna þróun.

Við leitum eftir viðvarandi stuðningi staðbundinna og svæðisbundinna samfélaga með því að byggja upp öflugt og varanlegt samband við þau sem byggist á virðingu, opinni umræðu og sameiginlegum ávinningi.



Stjórnvöld, alþjóðlegar stofnanir og borgaralegt samfélag

- Við virðum stjórnmálaferli allra landa og styðjum ekki neina ákveðna stjórnmálaflokka, hópa eða einstaklinga. Sem fyrirtæki tökum við ekki þátt í starfsemi stjórnmálaflokka né leggjum til greiðslur til stjórnmálaflokka eða einstaklinga í framboði.
- Við takmörkum ekki rétt og frelsi einstaklinga. Starfsmenn og verktakar geta stutt stjórnmálaflokka, frambjóðendur eða herferðir í persónulegum frítíma sínum og með sínum eigin fjármunum.
- Við tökum þátt í málefnum er varða opinbera stefnu og lagasetningu sem hafa áhrif á fyrirtækið okkar. Við leggjum fram viðeigandi upplýsingar og deilum reynslu okkar svo hægt sé að búa til trausta stefnu, reglugerð og löggjöf.

Við byggjum upp varanleg sambönd við stjórnvöld og vinnum með alþjóðlegum stofnunum og borgaralegu samfélagi með virðingu og samvinnu að leiðarljósi.



Gagnsæ samskipti

- Við deilum nákvæmum upplýsingum um rekstrarárangur okkar og fjárhagslega stöðu með hagsmunaaðilum okkar, þar á meðal fjölmiðlum, fjárfestum og eftirlitsaðilum.
- Við fylgjum öllum birtingarskyldum markaðar og birtum upplýsingar sem vænta má að hafi markverð áhrif á verð hlutabréfa Rio Tinto.
- Við erum opin og heiðarleg í samskiptum okkar, deilum reglulega upplýsingum, innsýn og ráðleggingum á uppbyggilegan máta og tökumst á við erfiðar aðstæður með hugrekki.

Við byggjum upp traust með því að eiga samskipti á opin og hreinskilinn máta.



Umhverfi

- Við skiljum og drögum úr þeim áhrifum sem athafnir okkar og vörur kunna að hafa á umhverfið þegar við skipuleggjum, byggjum upp, hætum og lokum rekstri okkar.
- Við störfum saman með samfélögum þar sem við stundum rekstur og leitum ávallt leiða til að bæta á sjálfbæran hátt lífsferil vöru, líffræðilega fjölbreytni, stjórnun á kolefnislosun og orkunotkun, nýtingu lands, vatns og loftslags og lokun á starfsstöðum svo við höfum stöðugan aðgang að auðlindum og mörkuðum.

Við höfum skuldbundið okkur til að vernda umhverfi þeirra svæða sem við stundum rekstur í og viðhalda góðri stjórnun til lengri tíma.



Hugverkaréttur

- Við verndum hugverkarétt okkar (þar á meðal einkaleyfi, höfundarrétt, vörumerki og viðskiptaleyndarmál) og fylgjumst náið með óheimilaðri notkun annarra á hugverkarétti okkar.
- Við virðum hugverkarétt annarra, s.s. birgja, viðskiptavina og samkeppnisaðila, og notum aðeins hugverkarétt þeirra þegar slíkt er heimilað.

Við höldum samkeppnisforskoti okkar með því að vernda hugverkarétt okkar og virða hugverkarétt annarra.



Eigur og skjöl fyrirtækis

- Við söfnum ekki, notum eða skemmum eigur eða fjármuni fyrirtækisins í persónulegu hagnaðar- eða ábataskyni (þar með talið fjölskyldu), með athöfn sem veldur hagsmunaárekstri eða er óviðeigandi eða ólögleg.
- Við fáum rafrænan búnað, s.s. tölvupóst, Internet og síma, sem hjálpar okkur að sinna störfum okkar. Öðru hverju getum við nýtt þessi aðföng í persónulegu skyni ef slíkt hefur ekki áhrif á kerfi fyrirtækis, stofnar til óæskilegs kostnaðar fyrir fyrirtækið eða truflar starfsskyldur okkar.
- Við skráum á nákvæman hátt allar fjárhagsupplýsingar og önnur gögn um eigur fyrirtækisins í samræmi við varðveislustefnu samstæðunnar.
- Við breytum ekki, eyðum eða fjarlægjum eigur fyrirtækis eða skrár fyrirtækis án tilskilins leyfis til slíks.

Við notum eigur fyrirtækisins og fjárhagsleg og rafræn aðföng til að sinna rekstri fyrirtækis en ekki í persónulegu ábataskyni eða leyfisleysi.





Rétt ákvörðunartaka

Pannig vinnum við lætur í té greinargóðan ramma sem hjálpar til við að skilja og meta þá valkosti sem við stöndum frammi fyrir. Það hjálpar okkur að ákvarða hvernig hegðun okkar á að vera í aðstæðum sem geta stundum verið erfiðar.

Þegar þú stendur frammi fyrir vanda skaltu spyrja þig að eftirfarandi:

- Eru gjörðir mínar í samræmi við *Pannig vinnum við* og stefnur og staðla Rio Tinto?
- Hvað myndi ég segja vini eða fjölskyldumeðlim að gera?
- Hvað gæti öðrum fundist um gjörðir mínar?
- Hvernig gætu þær litið út á forsíðu dagblaðsins?

Ef þér líður illa með einhver svör við þessu þá skaltu leita ráða áður en þú bregst við.

Landslög og *Pannig vinnum við*

Við fylgjum gildandi lögum í öllum löndum sem við störfum í. Við ákvörðun á hvort beita eigi landslögum eða verkreglum *Pannig vinnum við* þá skaltu nota þá sem er strangari. Ef þú brýtur lögin, *Pannig vinnum við* eða stefnur okkar og staðla muntu þurfa að sæta viðurlögum! Slíkt kann að fela í sér brottrekstur eða uppsögn á samningi þínum.

Ef þú sérð eitthvað sem kann að brjóta gegn lögum, *Pannig vinnum við* eða stefnum okkar og stöðlum skaltu ekki hunsað: tilkynntu það!

Ræddu áhyggjuefni þín við þinn næsta yfirmann, hærri settan yfirmann eða starfsmann í siðareglu- og heilindadeild, laga- eða mannauðsdeild. *Speak-OUT* er einnig örugg leið, sem nýtur trúnaðar, til að tilkynna áhyggjuefni eða misferli. Allar hefndaraðgerðir gegn aðilum sem nota *Speak-OUT* í góðri trú verða ekki liðnar.

Sýndu fordæmi – hjálpaðu öðrum að skilja og nota *Pannig vinnum við*.

Rio Tinto plc
6 St James's Square
London, SW1Y 4AD
United Kingdom

Rio Tinto Limited
120 Collins Street
Melbourne, Victoria 3000
Australia

S +44 (0)20 7781 2000

S +61 (0)3 9283 3333

Stefnu og viðmið Rio Tinto

Við búum yfir mörgum stefnum og stöðlum sem styðja við *Þannig vinnum við*. Við hvetjum þig til að kynna þér það til að taka réttar ákvarðanir. Frekari upplýsingar um þau efnisatriði sem fjallað er um í *Þannig vinnum við* og viðeigandi stefnur og staðla má finna á <http://bit.ly/2rgWxiG>.

Þannig vinnum við samanstendur af ákveðnum greinargóðum og einföldum verkreglum sem má nota í öllu sem þú gerir þegar þú starfar með, eða hjá, Rio Tinto. Hegðun þín sýnir heiminum hver þú ert og hvað þú stendur fyrir.